



Haf- og strandsvæðastjórnun er krefjandi og metnaðarfullt meistaranám í umhverfis- og auðlindastjórnun. Námið er þverfaglegt og býr nemendur undir fjölbreytt og spennandi störf í einkageiranum svo og hjá hinu opinbera. Verkefnastjórnun á sviði auðlindanýtingar og skipulagsáætlana, umhverfismat, ráðgjafastörf, kennsla og rannsóknarvinna eru meðal starfa sem meistarnámið í haf- og strandsvæðastjórnun býr nemendur undir. Námið er alþjóðlegt og kennt á ensku og mun nemenda- og kennarahópurinn samanstanda af innlendum jafnt sem erlendum einstaklingum. Meistaranámið í haf- og strandsvæðastjórnun leiðir saman fólk með ólíkan bakgrunn sem deilir með sér reynslu, þekkingu og hugmyndum í litlu, frjóu og skapandi háskólaumhverfi með það að markmiði að finna leiðir til sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda. Verið velkomin í samfélagið okkar og í hóp sérfræðinga á sviði nýtingar og stjórnunar náttúruauðlinda til framtíðar.



Sigríður Ólafsdóttir  
fagstjóri

## Námið og kennslan

- Áhugasvið og forþekking nemenda fær notið sín í einstaklingsmiðuðu námi.
- Lögð er áhersla á að tengja námið við raunaðstæður með vettvangsferðum og -athugunum, heimsóknum í fyrirtæki, og hagnýtri verkefnavinnu.
- Kennarar eru valdir m.t.t. sérþekkingar, reynslu og hæfni til að miðla þekkingu.
- Mikil áhersla er lögð á að nemendur hafi góðan aðgang að kennurum og starfsfólki.
- Námið er 120 ECTS einingar, að jafnaði 90 einingar í formi námskeiða og 30 eininga lokaverkefni.
- Kennslan fer fram í þriggja vikna lotum þar sem eitt 6 ECTS eininga námskeið er kennt og klárað og við tekur næsta námskeið.
- Nemendur taka sumarönn og því er mögulegt að ljúka náminu á einu og hálfu ári.
- Háskólasetur Vestfjarða býður upp á framúrskarandi náms- og vinnuaðstöðu fyrir nemendur.
- Auðvelt er að nýta einstök námskeið í endurmenntunarskyni.



Gunnar Páll Eydal

Master of Resource Management (M.R.M) frá Simon Fraser University í Vancouver, Kanada.

„Námsleiðin er mjög metnaðarfull og áhugaverð. Áfangar eru kenndir í lotum og því verður hægt að laða að kennara sem eru alþjóðlegir sérfræðingar í umhverfis- og auðlindastjórnun. Ég sé fyrir mér að hægt verði að bjóða nemendum uppá fyrsta flokks þjónustu í sveigjanlegu námi – og um 2000 km af strandlengju. Námið er góður undirbúningur fyrir margvísleg störf sem tengjast umhverfi og auðlindum á einhvern hátt og sífellt verða mikilvægari. Það sem gerir námið sérstaklega spennandi er fjölbreyttur hópur nemenda og kennara með mismunandi bakgrunn og reynslu víðs vegar að úr heiminum. Fyrir vikið myndast mjög skemmtilegt andrúmsloft þar sem tekist er á við vandamál og lausnir við nýtingu og stjórnun haf- og strandsvæða.“

Gunnar Páll vinnur á Teiknustofunni Eik við skipulags- og umhverfisráðgjöf.



## Lífið á Ísafirði

- Ísafjörður er líflegur og fallegur bær með öflugum menningar- og íþróttalífi.
- Örstutt í ósnortna náttúru Hornstranda og Jökulfjarða.
- Frábærar aðstæður til iðkunar vetraríþrotta og fjallamennsku.
- Öll þjónusta í Ísafjarðarbæ er eins og best verður á kosið, sjúkrahús, bókasafn, tónlistarskóli, framhaldsskóli og grunn- og leikskólar. Í miðbænum eru fjölbreyttar verslanir, kaffihús og veitingastaðir.
- Framfærslukostnaður stúdenta á Ísafirði er umtalsvert lægri en á höfuðborgarsvæðinu, enda húsnæðisverð helmingi lægra.
- Starfsmenn Háskólaseturs aðstoða nemendur við húsnæðisleit og annað sem á þarf að halda til að komast fljótt og örugglega inn í samfélagið.



- Auðlindir haf- og strandsvæða telja til 77% auðlinda og vistkerfa jarðar. Á strandsvæðum búa yfir 40% jarðarbúa.
- Vestfirðir eru 10% af landsvæði Íslands en þeim tilheyrja 33% strandlengju landsins.
- Á Vestfjörðum er mikil byggð við ströndina en jafnframt er stutt í ósnortna og ægífagra náttúru Hornstrandafríðlandsins.

## Kjarnanámskeið:

- Integrated coastal and marine management
- Coastal and marine ecology
- Physical processes of coastal and marine environment
- Society and natural resources
- Economics of coastal and marine environments
- Coastal and marine politics and policy
- Climate changes and natural hazards

## Umsóknir:

Umsóknafrestur er til 5. júní  
Hver umsókn er metin sérstaklega  
Nánari upplýsingar og eyðublöð  
má nálgast á [www.hsvest.is](http://www.hsvest.is)  
Allar fyrirspurnir velkomnar: [info@hsvest.is](mailto:info@hsvest.is)

Hafir þú brennandi áhuga á umhverfis-, skipulags- og auðlindamálefnum, átt þú erindi til okkar.

Sértu að leita að haldgóðu námi sem veitir trausta undirstöðu í ólíkum greinum sem fást við málefni hafs og strandar, finnur þú það hjá okkur.

Ef þú hefur lokið grunnháskólagráðu og vilt framhaldsmenntun sem færir þér fjölbreytt og spennandi tækifæri á vinnumarkaðnum – **þá kemur þú vestur!**